



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ORÐUVEITING Á BESSASTÖÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sæmdi í dag Jóannes Eidesgaard, lögmenn Færeyja, stórriddarakrossi með stjörnu fyrir framlag hans til að styrkja samvinnu Íslendinga og Færeyinga. Veiting fálkaorðunnar fór fram við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Við þetta tækifæri fagnaði forseti Íslands þeim áfanga að Færeyingar myndu síðar í dag opna *Sendistovu* á Íslandi sem gæfi þjóðunum tækifæri til að styrkja samvinnu sína á enn fleiri sviðum.

15. september 2007